

EVROÐPUSAMBAND SOROPTIMISTA

LANDSSAMBANDSLÖG

eins og þau voru samþykkt á fundi sendifulltrúa í Aþenu (Grikklandi) í júní 1992, í gildi frá 1. október 1992 og breytt í desember 1999 með bréflægri atkvæðagreiðslu, á sendifulltrúafundi í Vejle (Danmörku) í júlí 2002 með gildistöku 1. október 2002, á sendifulltrúafundinum í Varsjá (Póllandi) í júlí 2008 með gildistöku 1. október 2008 og á sendifulltrúafundinum í Ghent (Belgíu) í júlí 2010 með gildistöku 1. október 2010.

I. grein - Almenn ákvæði

Nafn

1. Samtökin heita Alþjóðasamband Soroptimista á Íslandi, Soroptimist International of Iceland (í lögum þessum nefnd Landssambandið).

Landssambandið er í SI/E

2. Landssambandið er hluti af Evrópusambandi Soroptimista (Soroptimist International, Federation of Europe SI/E) sem er í Alþjóðasambandi Soroptimista (SI).

Landssvæði

3. Allir núverandi og verðandi Soroptimistaklúbbar á Íslandi mynda Landssambandið.

Landssamband starfar ekki í hagnaðarskyni

4. Landssambandið starfar ekki í hagnaðarskyni.

Aðsetur

5. Aðsetur Landssambandsins skal vera heimili forseta eða þar sem skrifstofa Landssambandsins er staðsett.

Merki

6. Landssambandið skal nota merki Alþjóðasambands Soroptimista (Soroptimist International).

Starfsár

7. Starfsár og reikningsár Landssambandsins hefst 1. október.

II. grein - Reglugerð og landslög

Reglugerð

1. Landssambandið staðfestir sína eigin reglugerð til að framfylgja ákvæðum laga þessara svo framarlega sem slík reglugerð er ekki í ósamræmi við lög þessi, lög Evrópusambandsins og lög Alþjóðasambands Soroptimista.

Landslög

2. Sérhvert ákvæði í nágildandi lögum sem brýtur í bága við ákvæði í lögum viðkomandi ríkis verður að laga að lögum ríkisins. Beiðni um slíkt skal koma frá Landssambandsstjórn með samþykki stjórnar Evrópusambandsins enda byggist það á samhljóða álitum laganefnda beggja sambandanna.

III. grein - Markmið og hlutverk

Markmið

1. Alþjóðasamband Soroptimista (Soroptimist International), sem eru alþjóðleg samtök kvenna með starfsmenntun eða í stjórnunarstörfum, vill með athygli, atfylgi og athöfn vera málsvari kvenna um allan heim. Sambandið skal vinna að markmiðum Soroptimista sem eru tilgreind í II. grein laga Alþjóðasambands Soroptimista, þ.e.:

- bættri stöðu kvenna
- háum siðgæðiskröfum
- mannréttindum öllum til handa
- jafnrétti, þróun og friði

fyrir tilstuðlan alþjóðlegrar velvildar, skilnings og vináttu.

Landssambandið skal beita sér fyrir

- að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi
- að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna í þjóðfélaginu.

Hlutverk

2. Hlutverk Landssambandsins er:
 - a. Að efla tengsl meðal klúbba Landssambandsins í þeim tilgangi að stuðla að hagsmunum og efla hugsjónir sem Soroptimistaklúbbar um heim allan vinna að.
 - b. Að starfa með öðrum landssamböndum að sameiginlegum markmiðum.
 - c. Að stofna nýja klúbba.
 - d. Að fylgjast með því að farið sé að lögum samtakanna.

IV. grein - Stefna

Stefna

1. Stefna Alþjóðasambands Soroptimista er að láta sig varða málefni á innlendum og alþjóðlegum vettvangi sem tengjast markmiðum og verkefnasviðum þess. Alþjóðasamband Soroptimista er algerlega hlutlaust um deilumál af stjórnámálalegum toga milli þjóða og um málefni stjórnámálaflokka og trúarflokka.

Bréfaskriftir til ríkisstjórna og alþjóðastofnana

2. Ekkert landssamband má, í nafni Soroptimista, snúa sér til forystumanna ríkisstjórna annarra landa vegna umdeilda mála eða hafa þau afskipti af lands- eða heimssamtökum sem gætu valdið erfiðleikum eða verið skaðleg fyrir Soroptimista í öðrum löndum. Soroptimistar, sem óska eftir að hreyfa málefnum sem þær bera fyrir brjósti, skulu beina þeim til forseta Evrópusambandsins, fyrir milligöngu forseta Landssambandsins. Forseti Evrópusambandsins mun koma erindinu á framfæri við forseta Alþjóðasambands Soroptimista sem hefur heimild stjórnar Alþjóðasambandsins til að gera viðeigandi ráðstafanir.

V. grein - Fulltrúaráð

Skipan

1. Fulltrúaráðið fer með yfirstjórn Landssambandsins og skal það skipað tveimur fulltrúum frá hverjum klúbbi. Fulltrúar eru kosnir samkvæmt klúbblögum.

Starf

2. Starf fulltrúaráðsins skal vera eins og kveðið er á í lögum þessum og reglugerð. Allar ákvarðanir er varða störf Landssambandsins skulu teknar af fulltrúaráðinu.

Fundir

3. a. Fulltrúaráðið skal halda ársfund fyrir 30. júní ár hvert. Fund þennan skulu sitja sem ráðgefandi aðilar, stjórn Landssambandsins, sendifulltrúar, verkefnastjórar, formenn fastanefnda og formenn annarra nefnda. Aðeins fulltrúar skulu hafa atkvæðisrétt.
b. Allir klúbbfélagar Landssambandsins mega taka þátt í fundarstörfum í samræmi við ákvæði í reglugerð.
c. Aðrir fulltrúaráðsfundir skulu haldnir samkvæmt ósk forseta eða a.m.k. 40% stjórnarinnar eða a.m.k. 25% fulltrúa. Forseti ákveður fundartíma.
d. Forseti má, að fengnu samþykki stjórnar, bjóða hvaða embættismanni Soroptimista sem er að sitja fund sem ráðgefandi aðili.
e. Fulltrúaráðsfundir geta tekið bindandi ákvarðanir ef 2/3 hlutar fulltrúa eru mættir. Ef skilyrðið um mætingu 2/3 fulltrúa er ekki uppfyllt getur forseti Landssambandsins boðað til annars fundar sem getur tekið gildar ákvarðanir óháð fjölda fulltrúa.
f. Ákvarðanir skulu teknar með handauppréttingu og af einföldum meirihluta þeirra fulltrúa sem viðstaddir eru. Kosningar embættismanna skulu fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu eins og ákvæði er um í XII. grein, 2. tölulið. Til lagabreytinga og upplausnar samtakanna þarf lögboðinn meirihluta eins og tilgreint er í XVI. grein, 2. tölulið, og XVII. grein.

Bréfleg atkvæðagreiðsla

4. Telji stjórnin nauðsynlegt að atkvæðagreiðsla fari fram bréflega vegna aðkallandi máls skal forseti senda út atkvæðaseðla. Þegar um er að ræða bréflega atkvæðagreiðslu ræðst niðurstaðan af fjölda atkvæða sem greidd eru að því gefnu að atkvæði berist frá tilskildum meirihluta. Nánar skal kveðið á um framkvæmd atkvæðagreiðslu í reglugerð.

Fundarsköp

5. Tilhögun funda, bæði vegna stjórnunarstarfa, þegar embættismenn leggja fram skýrslur og vegna bréflegrar atkvæðagreiðslu, skal vera eins og segir í reglugerð.

VI. grein - Stjórnin

Stjórnunar- og framkvæmdavald

1. Stjórnunar- og framkvæmdavald Landssambandsins skal vera í höndum stjórnar.

Skipan

2. Stjórnina skipa forseti, einn eða fleiri varaforsetar, gjaldkeri og ritari. Stjórnaraðild verðandi forseta, sjá VII. grein, 2. tölulið, og síðasta forseta skal vera samkvæmt ákvæðum í reglugerð. Sendifulltrúum skal boðið að sitja alla stjórnarfundi þar sem þeir hafa málfrelsi sem ráðgefandi aðilar.

Frambjóðendur

3. Frambjóðendur í öll stjórnarstörf, sem tilnefndir eru af klúbbunum, skulu vera núverandi og fyrrverandi stjórnar- eða nefndarkonur klúbba, þar með taldir núverandi og fyrrverandi fulltrúar. Ef starfandi fulltrúi tekur sæti í stjórn hættir hann starfi sem fulltrúi. Varafulltrúi, sem kosinn var samtímis, tekur við og starfar til loka kjörtímabilsins eða þar til klúbburinn kýs nýjan fulltrúa.

Breyting á skipan stjórnar

4. Kosning nýrra stjórnarmanna í stað stjórnarmanna, sem ekki hafa varamenn og geta ekki haldið áfram störfum sínum eða vilja það ekki, fari fram eins og segir í reglugerð.

Kjörtímabil

5. Starfstími stjórnar skal vera tvö ár án endurkjörs nema gjaldkera sem má endurkjósa einu sinni. Stjórnarkonu má kjósa aftur til sama embættis eftir tveggja ára hlé. Ritari er útnefndur af forseta. Sú útnefning verður að hljóta samþykki fulltrúaráðsfundar.

Störf

6. Stjórnin skal hafa með höndum störf Landssambandsins á hverjum tíma. Aðalstörf hennar eru:
 - a. Að hafa beint samband við stjórn klúbba og samræma almenn störf.

- b. Að undirbúa mál sem leggja á fyrir fulltrúaráð til ákvörðunar.
- c. Að leggja fram til samþykktar á ársfundi fulltrúaráðs ársreikninga og fjárhagsáætlun til eins eða tveggja ára, svo og skýrslur embættismanna.
- d. Að leggja fram skýrslu sendifulltrúa fyrir fulltrúaráðið.
- e. Að samþykkja stofnun nýrra klúbba.

Fundir

- 7. a. Stjórnin skal halda a.m.k. fjóra fundi á ári. Aukafundir skulu haldnir ef forseti eða 40% stjórnar óskar þess.
- b. Lágmarksfundarsókn, atkvæðagreiðsla og fundarsköp skulu vera samkvæmt reglugerð.

VII. grein - Forseti og varaforsetar

Æðsti starfsmaður

- 1. Forseti skal vera löglegur fulltrúi Landssambandsins.

Kosningarár

- 2. Forseta má kjósa einu eða tveimur árum áður en hann á að taka við embætti eins og reglugerð kveður á um.

Fundarboðun

- 3. Forseti undirbýr dagskrá stjórnar- og fulltrúaráðsfunda. Dagskrá fulltrúaráðsfunda leggur forseti fyrir stjórnina til samþykktar og sendir hana með góðum fyrirvara til þátttakenda. Forseti ákveður fundardaga og boðar til stjórnar- og fulltrúaráðsfunda.

Sendifulltrúafundur

- 4. Forseta er heimilt að sitja fundi sendifulltrúa Evrópusambandsins (SI/E) sem ráðgjafi sendifulltrúanna.

Skýrsla til Evrópusambandsins

- 5. Forseti skal senda ársskýrslu Landssambandsins til forseta Evrópusambandsins ásamt afriti til aðalstöðva Evrópusambandsins í Genf (SEP). Framkvæmdastjóri SEP skal fá skýrsluna í hendur eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir væntanlegan sendifulltrúafund nema forseti Evrópusambandsins setji önnur tímamörk.

Varaforsetar

- 6. Varaforsetar skulu annast þau störf sem forseti felur þeim. Geti forseti ekki sinnt störfum sínum skal varaforseti taka við störfum hans þar til hann kemur aftur til starfa eða þar til kjörinn forseti tekur við embætti. Ef varaforsetar eru fleiri en einn skal stjórnin í byrjun tímabilsins útnefna þann varaforseta sem skal vera staðgengill forseta Landssambandsins. Varaforsetar skulu vera eins margir og segir í reglugerð.

VIII. grein - Gjaldkeri

Störf

1. Gjaldkeri er féhirðir Landssambandsins og vinnur öll önnur skyldustörf sem tilheyra embættissviði hans eða störf sem stjórn eða forseti felur honum.

Ársreikningar og fjárhagsáætlun

2. Gjaldkeri skal árlega, í samráði við fjárhagsnefnd, leggja fram reikninga og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, eða næstu tvö ár sem svara til kjörtímabils stjórnarinnar, ef Landssambandið ákveður það eða ef landslög í viðkomandi landi krefjast þess. Reikninga og fjárhagsáætlun leggur gjaldkeri fyrst fyrir stjórnina til samþykktar og síðan fyrir fulltrúaráðið til samþykktar.

Greiðslur til Evrópusambandsins

3. Gjaldkeri skal fyrir 1. september ár hvert senda framkvæmdastjóra og gjaldkera Evrópusambandsins upplýsingar um fjölda félagsmanna miðað við 30. júní ár hvert. Gjöld til Evrópusambandsins skal gjaldkeri senda eigi síðar en 30. nóvember sama ár.

IX. grein - Ritari

Tilnefning

1. Forseti tilnefnir ritara og leggur val hans fyrir fulltrúaráð til samþykktar.

Störf

2. Störf ritara felast í því að aðstoða forseta í störfum fyrir Landssambandið og vinna að hverju því sem lýtur að embætti hans og stjórn eða forseti felur honum.

X. grein - Fastanefndir og verkefnastjórar

Heiti

1. Innan Landssambandsins skulu vera fastanefndir, verkefnastjóri og aðstoðarverkefnastjóri sem samsvara nefndum og verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra Evrópusambandsins og með sömu markmið og fjölda nefndarmanna, eins og segir í XI. og XII. grein laga Evrópusambandsins, þ.e.a.s.:

Fastanefndir:

- a. Útbreiðslunefnd
- b. Fjárhagsnefnd
- c. Laga- og reglugerðarnefnd.

Verkefnastjóri og aðstoðarverkefnastjóri vinna að verkefnum á eftirtöldum sviðum:

- Efnahags- og félagsleg þróun
- Mennta- og menningarmál
- Umhverfismál

- Heilbrigðismál
- Mannréttindi og staða konunnar
- Alþjóðleg vinátta og skilningur.

Frambjóðendur

2. Frambjóðendur í ofangreind embætti skulu tilnefndir af viðkomandi klúbbum og kosnir samkvæmt ákvæðum XII. greinar.

Kjörtímabil

3. Kjörtímabil nefndarmanna, verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra skal vera tvö ár og má endurkjósa þá einu sinni ef þannig er kveðið á um í reglugerð.

Starf með nefndum

4. a. Forseti eða stjórnarkona sem forseti tilnefnir skal, í krafti embættis síns, starfa í fastanefndum sem getið er um í tölulið 1, a, b og c. Gjaldkeri skal starfa sem nefndarmaður í fjárhagsnefnd í krafti embættis síns.
- b. Stjórnarkona sem starfar þannig í nefnd, í krafti embættis síns, er þar aðeins sem ráðgefandi aðili.

Tengsl

5. Formenn fastanefnda, verkefnastjóri og aðstoðarverkefnastjóri skulu vera tengiliðir við formenn samsvarandi nefnda, verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra Evrópusambandsins.

Aðrar nefndir

6. Landssambandinu er heimilt að skipa fleiri nefndir, nefndir vegna sérstakra málefna eða annars og skal laganefnd undirbúa tillögur um starfssvið þeirra. Tillögurnar skulu hljóta samþykki stjórnar áður en þær eru lagðar fyrir fulltrúaráð til samþykktar.

XI. grein - Sendifulltrúar og varasendifulltrúar

Kosning

1. a. Samkvæmt ákvæðum IV. greinar laga Evrópusambandsins skulu tveir félagar, sinn úr hvorum klúbbi, vera sendifulltrúar og tveir aðrir varasendifulltrúar. Þeir skulu kosnir úr hópi frambjóðenda sem klúbbarnir bjóða fram og vera starfandi embættismenn eða fyrrverandi embættismenn Landssambandsins.
- b. Þegar starfandi fulltrúi er kosinn sendifulltrúi skal hann láta af starfi fulltrúa og varafulltrúi, sem kosinn var samtímis, skal taka við starfi hans þar til klúbburinn kýs nýjan fulltrúa.

Kjörtímabil

2. a. Kjörtímabil sendifulltrúa og varasendifulltrúa er tvö ár. Einn sendifulltrúi og einn varasendifulltrúi skal kjörinn ár hvert. Endurkjör til eins kjörtímabils til viðbótar er háð

ákvæðum reglugerðar. Í reglugerð skulu vera ákvæði um það hvort varasendifulltrúi, sem ekki hefur setið út kjörtímabilið, sé kjörgengur í starf sendifulltrúa sem hefur lokið sínu kjörtímabili.

- b. Á fyrsta fundi nýs Landssambands skal einn sendifulltrúi kosinn til eins árs og annar til tveggja ára. Hið sama skal gilda um varasendifulltrúa.

Sendifulltrúi gegnir aðeins einu embætti

3. Sendifulltrúi má ekki gegna öðru embætti eða taka að sér neitt annað starf innan Soroptimistahreyfingarinnar meðan á kjörtímabili hans stendur. Ef hann er kosinn í eitthvert annað embætti, eða annað starf, áður en kjörtímabili hans lýkur skal hann láta af starfi sendifulltrúa frá þeim tíma sem hann tekur við hinu nýja starfi. Í þessu tilviki eða ef sendifulltrúi segir embættinu lausu skal varasendifulltrúi, sem kosinn var samtímis, taka við starfi hans þar til nýr sendifulltrúi hefur verið kosinn, samkvæmt ákvörðun fulltrúaráðs. Ef nýr sendifulltrúi er kosinn skal starfstími hans aðeins vara út kjörtímabil sendifulltrúans sem hann kemur í staðinn fyrir.

Sama gildir um varasendifulltrúa. Varasendifulltrúi má á kjörtímabili sínu gegna eða taka að sér hvaða embætti sem er en aðeins innan síns klúbbs. Ef hann er kosinn í annað embætti eða starf áður en kjörtímabili hans lýkur skal hann hætta sem varasendifulltrúi.

Mæting á Landssambandsfundi

4. Sendifulltrúar skulu sækja alla stjórnar- og fulltrúaráðsfundi Landssambandsins.

Mæting á Evrópusambandsfundi

5. Sendifulltrúar skulu sitja sendifulltrúaráðsfundi Evrópusambandsins og skulu þeir setja fram sjónarmið Landssambands síns á dagskrárliðum funda. Komi fram á fundi mál sem ekki var á dagskrá skulu sendifulltrúar ákveða hvort óska eigi eftir frestun ákvörðunar þar til þeir hafa ráðfært sig við Landssambandið.

Skýrsla

6. Sendifulltrúum ber að leggja fram skriflega skýrslu fyrir stjórn Landssambandsins innan tveggja mánaða frá sendifulltrúaráðsfundi.

XII. grein - Kosningar

Staður

1. Kosning allra embættismanna Landssambandsins og tveggja sendifulltrúa og varasendifulltrúa skal fara fram á árlegum aðalfundi Landssambandsins.

Leynileg atkvæðagreiðsla

2. Kosningar skulu vera leynilegar og þarf samþykki 2/3 hluta þeirra fulltrúa sem viðstaddir eru. Náist ekki slíkur meirihluti skal greiða atkvæði að nýju og nægir þá einfaldur meirihluti. Þegar

einn frambjóðandi er í kjöri þarf hreinan meirihluta fulltrúaráðs (50% + 1) til að kosning hans sé lögmæt.

Málsmeðferð

3. Reglur um framboð og framkvæmd kosninga skulu vera samkvæmt ákvæðum í reglugerð.

XIII. grein - Fjármál

Tekjur

1. Tekjur Landssambandsins skulu vera árgjöld klúbbfélaga auk inntökugjalds nýrra félaga og miðast við félagatölu 30. júní.

Gjöld

2. Fulltrúaráðið skal ákveða fyrrnefnd gjöld og greiðslur með hliðsjón af greiðslum til Evrópusambandsins eins og þær eru ákveðnar af sendifulltrúaráðinu.

Sérstök verkefni

3. Fé sem Landssambandið safnar vegna sérstakra verkefna telst ekki hluti Landssambandssjóðs.

XIV. grein - Nýir klúbbar

Skilyrði

1. Stofnskrá má afhenda klúbbi sem hefur að lágmarki 18 kjörgenga félaga sem uppfylla skilyrði V. greinar 1. tölul. b. (i) liðar klúbblaga.

Stofnun klúbba

2. Stofnun nýrra klúbba innan Landssambandsins skal háð samþykki stjórnar. Áður skal útbreiðslunefnd hafa látið stjórninni í té niðurstöður af athugunum sínum. Forseti Landssambandsins skal senda skrá yfir væntanlega félaga og upplýsingar um þá til forseta Evrópusambandsins og formanns útbreiðslunefndar þess samkvæmt VII. grein, 2. tölulið í reglugerð Evrópusambandsins.

Stofnskrá

3. Sérhver nýr klúbbur á rétt á stofnskrá eins og XIV. grein, 4. töluliður, í lögum Evrópusambandsins kveður á um.

Nöfn klúbba

4. Nafn klúbbs skal gefa staðsetningu hans til kynna.

XV. grein - Landsfulltrúar og áheyrnarfulltrúar

Samkvæmt XVI. grein, 4. og 5. tölulið, í lögum Evrópusambandsins skal fulltrúaráð kjósa eftirfarandi fulltrúa ári áður en Alþjóðþing Soroptimista er haldið:

- a. Landsfulltrúa á stjórnarfundum Alþjóðasambandsins sem fer fram á sama tíma og Alþjóðþingið er haldið. Kjörgengir eru forseti Landssambandsins, verðandi forseti, fráfaramandi forseti, stjórnarkonur eða núverandi og fyrrverandi sendifulltrúar.
- b. Áheyrnarfulltrúa án málfrelsis sem Alþjóðasambandið getur boðið í samráði við forseta Evrópusambandsins að sitja ofangreinda fundi. Ákvæði um málsmeðferð vegna kosninga lands- og áheyrnarfulltrúa eru í XII. grein þessara laga.
- c. Landsfulltrúi skal leggja fram skýrslu fyrir fulltrúaráð á fyrsta fundi þess að Alþjóðþingi loknu.

XVI. grein - Lagabreytingar

Tillögur

1. Lögum þessum má aðeins breyta með ákvörðun sendifulltrúaráðs. Tillögur um breytingar á lögum má bera fram hvenær árs sem er. Það er bundið þeim skilyrðum að tillögurnar hafi verið samþykktar af Landssambandinu og í framhaldi af því lagðar fyrir Evrópusambandið í samræmi við XIX. grein Evrópusambandslaganna eigi síðar en í lok fjórða árs frá því er nógildandi lög tóku gildi. Formenn klúbba, stjórnarkonur Landssambandsins, fulltrúar, verkefnastjórar eða formenn fastanefnda geta lagt fram tillögur um lagabreytingar. Tillögurnar skal senda forseta Landssambandsins, ásamt afriti til formanns laganefndar, sem gengur frá þeim og gerir athugasemdir við þær til ákvörðunartöku fyrir fulltrúaráð. Að fengnu samþykki fulltrúaráðsins skulu tillögurnar vera háðar lokaákvörðun sendifulltrúaráðsins í samræmi við málsmeðferð sem ákvæði eru um í XVIII. grein reglugerðar Evrópusambandsins.

Meirihluti

2. Til að samþykkja tillögu um lagabreytingu þarf 2/3 hluta atkvæða fulltrúa sem viðstaddir eru.

Málsmeðferð

3. Málsmeðferð á tillögum til lagabreytinga skal vera eins og segir í reglugerð.

Undanþága

4. Í sérstökum undantekningartilvikum, sem Landssambandsstjórn viðurkennir að fenginni umsögn laganefndar og með samþykki fulltrúaráðs, má leggja tillögu um lagabreytingar fyrir laganefnd Evrópusambandsins áður en sá tími er liðinn sem kveðið var á um hér að ofan.

XVII. grein - Upplausn

Landssamband

1. Landssambandið má leysa upp á eftirfarandi hátt:
 - a. Með atkvæðum 5/6 hluta allra fulltrúa í fulltrúaráðinu.
 - b. Með ákvörðun sendifulltrúaráðs eins og segir í XX. grein laga Evrópusambandsins.

Ef upplausn á sér stað skal ráðstafa eignum Landssambandsins umfram skuldir í samræmi við ákvörðun fulltrúaráðs með 2/3 hlutum atkvæða.

Klúbbar

2. Klúbb má leysa upp samkvæmt ákvörðun fulltrúaráðsins ef klúbburinn hefur annað hvort hætt starfsemi eða brotið gegn ákvæðum klúbblaga að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Klúbbnum hafi verið tilkynnt um fyrirhugaða upplausn og honum jafnframt gefið tækifæri til að verja mál sitt.
 - b. Ákvörðun um upplausn klúbbs hljóti samþykki 2/3 hluta atkvæða.
 - c. Viðkomandi klúbbur getur áfrýjað ákvörðun um upplausn til gerðardóms samkvæmt XVIII. grein. Klúbbur getur starfað áfram þar til ákvörðun gerðardóms liggur fyrir.
 - d. Ef lagabrot felst í fækkun virkra félaga niður fyrir 15 skal klúbbnum gefinn þriggja ára frestur til þess að fjölga þeim upp í 18. Hafi félögum ekki fjölgað innan þessa tímabils ber að leggja klúbbinn niður eins og kveðið er á um í IV. grein, 3. tölulið í lögum Alþjóðasambandsins.

Framangreindur d. liður gildir fyrir klúbba sem stofnaðir voru fyrir 9. júlí 1999.

- e. Klúbburinn hefur ekki 18 félaga en þar af verða 15 félagar að vera kjörgengir í samræmi við skilyrði V. greinar 1. tölulið b (i) í klúbblögum eða
- f. Ekki færri en 50% allra félaga klúbbsins eru kjörgengir félagar samkvæmt sömu lagagrein.

Gefa skal klúbbi þriggja ára framlengingu til þess að

- (i) fjölga félögum í 18 þar sem 15 félagar skulu vera kjörgengir í klúbbinn og uppfylla skilyrði V. greinar 1. töluliðs b (i) í klúbblögum

og/eða

- (ii) uppfylla önnur skilyrði í V. grein 1. tölulið b í klúbblögum.

Framangreindir stafliðir e. og f. gilda fyrir klúbba sem stofnaðir eru eftir 9. júlí 1999.

Ef skilyrðin eru ekki uppfyllt innan þess tíma sem að framan greinir skal klúbburinn leystur upp eins og kveðið er á um í IV. grein, 3. tölulið laga Alþjóðasambandsins.

Málsmeðferð

3. Málsmeðferð við upplausn skal vera eins og ákvæði í reglugerð segja til um.

XVIII. grein - Gerðardómur

Aðilar

1. Ágreiningsmál milli klúbba, milli klúbbs og Landssambands eða milli stjórnarmanna, sem ekki leysast, skulu lögð fyrir gerðardóm skipaðan félagskonum samkvæmt reglugerð.

Beiðni um gerðardóm

2. Beiðni klúbbs um gerðardóm skal studd af a.m.k. 1/3 hluta klúbbfélaga.

Áfrýjunarstig

3. Ákvörðunum gerðardóms klúbba má áfrýja til gerðardóms Landssambandsins sem skal fjalla um ákvarðanir um upplausn klúbba í samræmi við XVII. grein, 2. tölulið c.

Málsmeðferð

4. Málsmeðferð skal vera eins og kveðið er á um í reglugerð.

XIX. grein - Ferðakostnaður og dagpeningar

Embættismenn

1. Embættismenn sem ferðast á fundi eiga rétt á ferða- og dagpeningum eins og kveðið er á um í reglugerð.

Sendifulltrúar

2. Sendifulltrúar sem sækja sendifulltrúafundi eiga rétt á dagpeningum úr sjóðum Landssambandsins sem ákveðnir hafa verið á síðasta fundi sendifulltrúaráðs. Ferðakostnaður skal vera samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins.

XX. grein - Félagaskrá

Sérhvert Landssamband skal gefa út nýja og leiðréttu félagaskrá fyrir alla klúbba annað hvert ár og dreifa henni samkvæmt ákvæðum í reglugerð. Senda skal eintak til forseta og ritara Evrópusambandsins og til aðalstöðvanna í Genf (SEP).

XXI. grein - Enska ráðandi

Landssambandslögin voru samin á ensku og þýdd yfir á frönsku. Ef ósamræmi er á milli lagatexta tungumálanna gildir sá enski.